

Kirkjuþing 2025-2026

24. mál – þskj. 24a

T I L L A G A

til þingsályktunar um mikilvægi leikskóla og grunnskólaheimsókna í kirkjur á aðventunni.

Flm. Ásmundur Máni Þorsteinsson.

Kirkjuþing samþykkir að fela biskupi Íslands að leita leiða til að leik- og grunnskólabörn geti heimsótt viðkomandi kirkju á aðventu svo að börnin fái tækifæri til að kynnast boðskap jólanna á skapandi og jákvæðan hátt.

Greinargerð.

Kirkjuþing unga fólksins, sem haldið var í Fella- og Hólakirkju þann 19. október 2025 samþykkti eftirfarandi ályktun:

Kirkjuþing unga fólksins leggur áherslu á mikilvægi þess að leik- og grunnskólar fái tækifæri til þess að heimsækja kirkjuna sína á aðventu til fræðslu og hvetur til þess að kirkjur verði duglegar að bjóða hverfaskólum sínum.

Leik- og skólaheimsóknir á aðventunni hafa lengi verið hluti af menningar- og trúarlífi þjóðarinnar. Á síðustu árum hefur þessum heimsóknum fækkað í sumum söfnum. Með þessari tillögu er lagt til að kirkjur landsins auki samvinnu við skóla og leikskóla með áherslu á þátttöku barna, fjölskyldna og skóla í aðventustarfi svo að öll börn fái tækifæri til að kynnast boðskap jólanna á skapandi og jákvæðan hátt.